

## FUNDARGERÐ

319. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF veitna, Fellabrún 1, þriðjudaginn 21. febrúar 2023 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Ómar Bragason (HÓB), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Vilhjálmur Jónsson (VJ) sat fundinn í fjarfundi (Teams) undir liðum 2 – 10b.

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir lið 2.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá

---

- 1 Undirbúningur og tímasetning aðalfundar 2023
  - 2 Ársreikningur 2022 – drög
  - 3 Jarðhitaleit, staða og samningar
  - 4 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – skipan starfshóps
  - 5 Hreinsistöð Melshorni – óvissa um framhald
  - 6 Hitaveita í Eiða ákvörðun um efnisval og framhald
  - 7 Hitaveita Djúpavogshrepps – stjórn og prókúra
  - 8 Gjaldskrá gagnaveitu
  - 9 Starfsmannamál
  - 10 Önnur mál
    - a. Askja, vöktun eldstöðva
    - b. Úttekt á neysluvatnsbólum í Múlaþingi
    - c. UV09 – endurnýjun dælubúnaðar
    - d. Samorka – stefnumótunardagur 17. febrúar – til upplýsingar.
    - e. Aðalfundur og ársfundur Samorku 15. mars.
- 

### **1 Undirbúningur og tímasetning aðalfundar 2023**

Fundurinn verður haldinn í Þingmúla í Valaskjálfi 23. mars næstkomandi kl. 16:30. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð.

### **2 Ársreikningur 2022 – drög**

MJ fór yfir drög að ársreikningi og svaraði spurningum, stjórn þakkar honum fyrir yfirferðina. Stefnt af því að stjórn afgreiði ársreikning 2022 á fundi sínum 7. mars næstkomandi.

### **3 Jarðhitaleit, staða og samningar**

Framkvæmdastjóra bærust yfirfarin samningsdrög frá landeigendum Breiðavaðs og Mýness 2 þann 5. þ.m.

Málið í vinnslu.

#### 4 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – skipan starfshóps

Byggðaráð Múlaþings hefur samþykkt að skipa starfshóp „með [það að] markmiði að móta tillögu að framtíðarfyrirkomulagi hitaveitu á Seyðisfirði, tímaáætlun framkvæmdar auk kostnaðargreiningar þar sem fram komi hlutdeild núverandi rekstraraðila, sveitarfélagsins og notenda.“ Byggðaráð óskaði eftir fulltrúa frá HEF-veitum og samþykkir stjórn að skipa Aðalstein Þórhallsson framkvæmdastjóra sem sinn fulltrúa.

Fyrsti fundur hópsins hefur verið boðaður 22. febrúar.

#### 5 Hreinsistöð Melshorni – óvissa um framhald

Fundur var haldinn þann 13. þ.m. með skipulagsfulltrúa Múlaþings, framkvæmda- og umhverfismálastjóra og formanni Umhverfis- og framkvæmdaráðs auk fulltrúa Vegagerðarinnar (sem voru í fjarfundi) um framgang deiliskipulags lóðar hreinsistöðvar.

Stjórn HEF leggur áherslu á að nauðsynlegum skipulagsbreytingum verði hraðað eins og kostur er, svo hefja megi hönnun mannvirkja á lóðinni.

#### 6 Hitaveita í Eiða ákvörðun um efnisval og framhald

Framkvæmdastjórn metur heildarverð framkvæmdarinnar hagkvæmara með plaströrum en ef notuð yrðu stálrör og má reikna með að framkvæmdatími verði umtalsvert styttri með plaströrum sem fást í mun lengri einingum en stálrörin. Samsetningar eru færri og einfaldari á plaströrum.

Stjórn samþykkir að efni í hitaveitulögn í Eiða, frá Egilsstöðum verði sk. Fibre Flex rör eða sambærileg.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

#### 7 Hitaveita Djúpavogshrepps – stjórn og prókúra

Stjórnarmenn árita eyðublöð RSK vegna stjórnarskipta og prókúru.

#### 8 Gjaldskrá gagnaveitu

Lögð eru fram drög að nýrri gjaldskrá fyrir gagnaveitu og er hún samþykkt og framkvæmdastjóra falið að birta hana á heimasíðu HEF. Ný gjaldskrá taki gildi 22. febrúar 2023.

#### 9 Starfsmannamál

Stjórn býður Emblu Rán velkomna til starfa.

Haddur Áslaugsson hefur verið ráðinn í starf tækni- og gæðastjóra og hefur störf eftir páska.

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál og þörfina fyrir ráðningar til skemmri og lengri tíma, framkvæmdastjóri vinnur málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

#### 10 Önnur mál

##### a. Askja, vöktun eldstöðva

Stjórn telur mikilvægt að vinna að viðbragðsáætlun vegna mögulegs öskufalls og felur framkvæmdarstjórn að vinna málið áfram.

##### b. Úttekt á neysluvatnsbólum í Múlaþingi

HÓB kynnir hugmyndir sínar um skráningu neysluvatnsbóla í Múlaþingi.

##### c. UV09 – endurnýjun dælubúnaðar

Dæla í holu UV09 bilaði 9. febrúar. Hætti að dæla, þó rafmótor gengi. Straumnotkun minnkaði ekki. Áætlun um allsherjar endurnýjun búnaðar í holuna barst í gær, 20. febrúar frá

HD ehf. Áætlunin losar 40Mkr. með VSK. Þá vantar leigu á krana og vinnu starfsmanna HEF-veitna.

Mál áfram í vinnslu.

**d. Samorka – stefnumótunardagur 17. febrúar – til upplýsingar.**

Framkvæmdastjóri sótti stefnumótunardag Samorku. Helstu áherslumál samtakanna eru:

- Samorka komi fyrir en verið hefur að undirbúningi og frumvinnslu regluverks sem snýr að starfseminni.
- Góð og áreiðanleg samskipti og upplýsingagjöf til stjórnvalda, fyrirtækja og almennings.
- Þá verður áfram lögð áhersla á styrkingu innra tengslanets samtakanna.

**e. Aðalfundur og ársfundur Samorku 15. mars.**

Aðalfundur og ársfundur Samorku verða haldnir 15. mars í Reykjavík. Framkvæmdastjóri mun sækja fundina fyrir hönd HEF-veitna.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____